

## Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 31. maí 2019

Mál nr. E-6/2018:

Arion banki hf.

*Tinna Björk Gunnarsdóttir lögmaður.*

gegn

Hreggviði Þorsteinssyni

*Ásgeir Þór Arnason lögmaður.*

### Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 5. apríl 2019, er höfðað með stefnu birtri 30. desember 2017.

Stefnandi er Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefndi er Hreggviður Þorsteinsson.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru svofelldar:

„Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 9.742.165,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.“

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er enn fremur gerð krafa um að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Með úrskurði dómsins 18. október 2018 var hafnað frávísunarkröfu stefnda, en hún var þó allt að einu ítrekuð við aðalmeðferð.

Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

### Málavextir

Í stefnu segir að krafa stefnanda byggi á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. X. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og sé skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt hafi verið af hálfu stefnanda að ósk stefnda. Með öðrum

orðum hafi stefndi fengið heimild frá stefnanda til að yfirdraga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Kveður stefnandi að síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi hafi samþykkt hafi fallið niður þann 3. júní 2011, án þess að til framlengingar kæmi og hafi stefnda því borið að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin hafi þó ekki verið greidd á gjalddaga og hafi reikningnum verið lokað í kjölfarið, nánar tiltekið þann 28. júní 2013. Hafi þá uppsöfnuð skuld veltureikningsins numið stefnufjárhæð málsins. Kveður stefnandi að stefndi hafi reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi kveðst ekki vitað til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Þá kemur fram að þann 1. júní 2011 hafi stefndi farið í greiðsluskjól hjá Umboðsmanni skuldara, en þann 21. apríl 2015 hafi umsókn stefnda um samning til greiðsluaðlögunar verið hafnað.

Í greinargerð stefnda er aðallega fjallað um kröfur stefnda um frávísun á grundvelli þess að málatilbúnaður stefnanda sé allur í skötulíki. Þá kemur þar fram að stefndi hafi ekki gögn um viðskipti sín við stefnanda. Þá kemur fram í greinargerð að stefndi mótmælir lýsingu málavaxta í stefnu og telur sig ekki standa í nokkurri skuld við stefnanda vegna yfirdráttar á þennan tilgreinda bankareikning. Kveðst stefndi ekki lengur muna hvort hann hafi stofnað til skulda við stefnanda með þeim hætti sem lýst sé í stefnu, en kveðst telja að hafi svo verið, sennilega á síðustu öld, þá hafi hann fyrir löngu gert upp slíka skuld.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi byggir á því að um sé að ræða uppsafnaða skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. X. Veltureikningurinn tilheyri útibúi stefnanda og sé skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt hafi verið af hálfu stefnanda að ósk stefnda. Stefndi hafi fengið heimild frá stefnanda til að yfirdraga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi hafi samþykkt hafi fallið niður þann 3. júní 2011, án þess að til framlengingar kæmi og hafi því stefnda borið að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin hafi þó ekki verið greidd á gjalddaga og hafi reikningnum verið lokað þann 28. júní 2013. Þá hafi uppsöfnuð skuld á veltureikningnum numið stefnufjárhæð málsins. Stefndi hafi reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi viti ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga beri stefnda að greiða kröfuna.

Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fái m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að málatilbúnaður stefnandi uppfylli ekki kröfur e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 vegna vanreifunar.

Þá vísar stefndi til þess að hann standi ekki í neinni skuld við stefnanda vegna yfirdráttar á þennan tilgreinda bankareikning. Kveðst hann ekki muna til þess að hafa stofnað til skulda við stefnanda á þennan hátt, en ef svo hafi verið þá hafi það verið fyrir löngu og sennilega á síðustu öld og þá hafi hann fyrir löngu gert uppslíka skuld. Stefnandi hafi þannig ekki sýnt fram á að stefndi skuldi honum stefnufjárhæðina og verði því að sýkna hann. Þá kveðst stefndi byggja á því að hugsanleg krafa stefnanda sé fyrnd á grundvelli laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 eða á grundvelli eldri fyrningarlaga nr. 14/1905 en ómögulegt sé fyrir stefnda að reifa sjónarmið sem lúti að því þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram gögn í málinu sem varði stofnun þeirra meintu kröfuréttinda sem stefnandi kveðist eiga á hendur stefnda. Í greinargerð áskilur stefndi sér rétt til að reifa þau sjónarmið betur síðar ef málinu verði ekki vísað frá og stefnandi leggi fram frekari gögn máli sínu til stuðnings.

### **Forsendur og niðurstaða**

Í máli þessu gerir stefndi aðallega kröfu um að málinu verði vísað frá dómi vegna vanreifunar. Þegar hefur verið tekin afstaða til þeirrar kröfu stefnda, með úrskurði dómsins 18. október 2018 eins og að framan greinir. Var þar ekki fallist á að málið væri vanreifað svo að rétt væri að vísa málinu frá dómi. Er enn síður um það að ræða nú, en frá því að frávísunarkröfu stefnda var hafnað hefur stefnandi lagt fram all nokkuð af gögnum sem renna frekari stoðum undir málatilbúnað hans. Við aðalmeðferð vísaði stefndi jafnframt til þess að ekki lægi neitt fyrir um það í málinu hvernig Kaupþing banki, forveri stefnanda, hefði eignast Búnaðarbanka Íslands. Af hálfu stefnda var því mótmælt að málsástæða þessi kæmist að, enda væri hún of seint fram komin. Verður að fallast á það með stefnanda að vandalaust hefði verið fyrir stefnda

að bera þetta fyrir sig strax við framlagningu umrædds skjals þann 21. nóvember 2018. Verður því engin frávísun á þessu byggð.

Verður því frávísunarkröfu hafnað á ný.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um skuld sem stefnandi kveður vera tilkomna vegna tilgreinds veltureiknings í útibúi sínu, en stefnandi kveður stefnda hafa fengið heimild til að yfirdraga reikninginn og hafi sú heimild síðar fallið niður eins og nánar greinir hér að framan.

Í málinu hefur stefnandi lagt fram umsókn stefnda um tékkareikning við Búnaðarbanka Íslands, dags. 1. desember 1994. Er hér um að ræða reikning nr. X. Samkvæmt áritun á umsóknina var hún samþykkt. Þá hefur stefnandi lagt fram reikningsyfirlit og vaxtanótur vegna téðs reiknings og á öllum þeim skjölum er tekið fram að athugasemdir óskist gerðar innan 20 daga frá viðtöku yfirlitsins, en ella teljist efni þeirra vera rétt. Ekki hefur stefndi borið fyrir sig að hafa ekki fengið þessi skjöl, eða að hafa gert við þau athugasemdir svo sem til hans var beint. Verður ekki annað séð en að stefnandi hafi sýnt nægilega fram á að bankaviðskipti þessi hafi átt sér stað og að sannað sé að stefndi hafi stofnað til skulda við stefnanda vegna þeirra, þrátt fyrir að stefndi kveðist ekki muna eftir því. Hefur stefndi ekki rennt undir það neinum stoðum að hann hafi greitt upp yfirdráttinn og verður því hafnað, en ekki stoðar fyrir stefnda að bera það fyrir sig að honum beri ekki skylda til að geyma kvittanir og skjöl.

Samkvæmt framlögðum gögnum féll yfirdráttarheimild stefnda niður og var ekki endurnýjuð eftir 3. júní 2011 og verður ekki betur séð en að stefndi hafi notað reikninginn a.m.k. allt til loka árs 2010. Lokastaða reikningsins skv. framlögðum gögnum er sama fjárhæð og stefnufjárhæð málsins.

Stefndi hefur borið fyrir sig að „hugsanleg krafa stefnanda sé fyrnd“, en ekki hefur hann þó í greinargerð sinni rökstutt það frekar. Við aðalmeðferð bar stefndi því við að krafa stefnanda hefði fyrnst í nóvember 2007 og bar því auk þess við að vextir sem væru innifaldir í stefnufjárhæð væru fyrndir. Telja verður að krafa stefnda hafi byrjað að fyrnast eftir að síðasta yfirdráttarheimild rann út, en þá varð krafan gjaldkræf, en það var í byrjun júní 2011. Var því krafan ekki fyrnd þann 30. desember 2017 þegar stefna var birt í málinu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007. Að því er varðar vexti verður heldur ekki litið svo á að þeir vextir sem hafa bæst við höfuðstólinn séu fyrndir, en skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/2001 skal bæta ógreiddum vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti og reikna þannig vexti eftir það af nýjum höfuðstól. Verður ekki betur séð en að þannig séu ófyrndir þeir vextir sem eru innifaldir í stefnukröfunni.

Verður þannig fallist á kröfur stefnanda í málinu. Ekki hafa af hálfu stefnda verið höfð uppi sérstök andmæli eða málsástæður um dráttarvaxtakröfu stefnanda og verður fallist á hana eins og greinir í dómsorði.

Rétt er að stefndi greiði stefnanda málskostnað og er hann hæfilega ákveðinn kr. 1.144.408 og hefur þá verið litið til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Hafnað er frávísunarkröfu stefnda, Hreggviðs Þorsteinssonar.

Stefndi greiði stefnanda, Arion banka hf., kr. 9.742.165,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 1.144.408 í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason